



Biðröð við úthlutun í Iðufelli 14.



## Söfnun Fjölskylduhjálpar Íslands fyrir jólin 2022.

Við viljum bjóða þér að taka þátt í starfi Fjölskylduhjálpar Íslands með frjálsu framlagi og stuðla þannig að því að Fjölskylduhjálpar Íslands geti áfram hlúð að skjólstæðingum sínum eins og samtökin hafa gert s.l. 19 ár.

F.Í. er stærst mannúðarsamtaka á Íslandi í matarúthlutun en með minnstu fjármunina til ráðstöfunar.

**Ljóst er að samtökin munu eiga mjög erfitt með að anna þeim mikla fjölda sem mun sækja um aðstoð vegna aðstæðna sem eru nú í þjóðfélaginu, en undanfarna sjö mánuði hefur FÍ úthlutað um 6.025 matargjöfum. Upplýsingar um úthlutanir eru á heimasíðu og facebook síðu F.Í.**

**Matarbankinn opnaði fyrir stuttu þar sem unnið er gegn matarsóun í samvinnu við fjölda fyrirtækja í landinu sem senda FÍ matvæli sem eru að falla á tíma en eru fullkomlega boðleg til mannelis. Með þessari samvinnu fer mun minna í urðun og förgun matvæla hér á landi.**

**Þörfin er mikil og nú hefur FÍ hafið úthlutanir hvern virkan dag á báðum starfstöðvum sínum.**

F.Í. greiðir fyrir 50% af öllum þeim matvælum sem samtökin úthluta og staðgreiðir öll vörukaup. F.Í. aðstoðar íbúa í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Álftanesi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Seltjarnnesi, á Suðurnesjum, Akranesi, Borgarnesi, Hveragerði, Selfossi og Hvolsvelli auk annarra svæða á landsbyggðinni. Hver matargjöf er frá tveimur upp í sjö haldapoka eftir stærð fjölskyldna.

Það eru 4 stórar (risa) matarúthlutanir í hverjum mánuði. Þá úthlutar félagið fatnaði á börn og fullorðna eftir þörfum, búsaðildum og notuðum leikföngum. Nytjamarkaður með notaðan og nýjan fatnað og gjafavörur er opinn alla virka daga frá kl. 13 til 18 í Reykjavík og Reykjanesbæ. F.Í. hjálpar einnig til við að leysa út lyf og sjúkráðskostnað fyrir skjólstæðinga sem hefur aukist mikið.

**Við greiðum um 1.500.000 kr. í húsaleigu undir starfsemi fyrir hvern mánuð sem íþyngir starfsemiinni verulega mikið.**

**Með hugsjónina að vopni, mikla eljusemi og aðstoð góðra stuðningsaðila hefur tekist frá árinu 2003 að gera Fjölskylduhjálpar Íslands að því sem hún er í dag þ.e. að hjálparsamtökum, (non-profit) sem byggjast upp á sjálfböðastarfi og hafa að leiðarljósi að hjálpa þeim sem minna mega sín.**

Skjólstæðingar samtakanna eru öryrkjar, einstæðir foreldrar, fjölskyldur með lágar tekjur, eldri borgarar, fólk án atvinnu, heimilisaust fólk og hælisleitendur. Allt að 50 sjálfböðaliðar halda uppi starfi F.Í. allt árið um kring. Þegar allar dyr eru lokaðar fyrir þá sem minna mega sín eru dyr F.Í. alltaf opnar og símsvörun alla daga.

**Bókhald félagsins hefur verið opið almenningi frá upphafi og er það líklega einsdæmi á meðal líknarfélaga hér á landi.**

**Með kærri kveðju og von um að þú sjáir þér fært að rétta okkur hjálparhönd fyrir þessi jól!**